

## 54. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudag 1. Desember 2015

### Fundargerð

#### Fundurinn haldinn í húsnæði Austurbrúar á Reyðarfirði kl. 14:00

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Gunnar Jónsson (GJ), Karl Lauritzson (KL), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Gauti Jóhannesson (GJ), Sigrún Blöndal (SB).  
Mættir stjórnarmenn í síma: Sveinn Jónsson (SJ), Berglind Häsler (BH).

Gestir á fundinum Magnús Jónsson endurskoðandi og Hilmar Gunnlaugsson lögmaður.

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Sæunn Stefánsdóttir

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð

#### Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Framhaldsársfundur
3. Fundur með sveitastjórum 19.11.2015
4. Fjárhagsáætlun 2016
5. Lagt fram til kynningar
  - a. Framlög til markaðsstofa – Bréf til ANR
  - b. Framlög til símenntunar - Bréf til MMR
  - c. Framlög í rannsóknasjóði - Drög að bréfi til MMR
  - d. Nýsköpunarmiðstöð – Tölvupóstur frá NMI
  - e. Verkefnahugmynd – Austurland til framtíðar - verkefnalýsing
6. Önnur mál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

**1) Samþykkt síðustu fundargerðar**

Frestað til næsta fundar.

**2) Framhaldsársfundur**

Magnús Jónsson fór yfir minnisblað grundvallað á samþykkt ársfundar í vor um mat á ólíkum rekstrarformum. Hilmar Gunnlaugsson sem var fundarstjóri fundarins fór yfir málin m.t.t. samþykkt Austurbrúar. Umræðu um dagskrárlið vísað til næsta fundar stjórnar. Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar vinni að málinu áfram.

**3) Fundur með sveitastjórum 19.11.2015**

GJ fór yfir umræðuna sem átti sér stað á fundi með sveitastjórum. Efni fundarins lagt fram til kynningar fyrir stjórn. Er hluti af vinnugagni sem tengist fjárhagsáætlunarvinnu ársins 2016.

**4) Fjárhagsáætlun 2016**

JÁÐ fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2016 og frumdrög. Næsta vika fram að stjórnarfundum þann 9. desember verður nýtt til að rýna verkefnið með starfsmönnum og leggja fram útfærða áætlun sem miði að því að reksturinn skili jákvæðri afkomu. GJ fór yfir áherslur stjórnar sem framkvæmdastjóri útfæri og vinni í samstarfi við starfsmenn milli funda sem miði að ofangreindu markmiði. Fyrir fundi stjórnar þann 9. desember n.k. liggja mótaðar tillögur um ráðstafanir sem verði til beinnar afgreiðslu.

**5) Lagt fram til kynningar**

GJ fór yfir að efnið væri lagt fram til kynningar. JÁÐ fór yfir að þetta væru bréf og samantektir sem framkvæmdastjóri er búin að vera að vinna í samráði við aðra í aðdraganda fjárhagsáætlunarvinnu.

- a. Framlög til markaðsstofa – Bréf til ANR
- b. Framlög til símenntunar - Bréf til MMR
- c. Framlög í rannsóknasjóði - Drög að bréfi til MMR
- d. Nýsköpunarmiðstöð – Tölvupóstur frá NMI
- e. Verkefnahugmynd – Austurland til framtíðar - verkefnalýsing

## 6) Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundir slitið kl. 16:05

---

Gunnar Jónsson

---

Sveinn Jónsson

---

Berglind Häsler

---

Sigrún Blöndal

---

Karl Lauritzson

---

Gauti Jóhannesson

---

Sigrún Birna Björnsdóttir